



Orkuveita Reykjavíkur  
Jakob S. Friðriksson  
Bæjarhálsi 1  
110 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17. desember 2007  
Tilvísun: 2007110019  
Bréfalykill: 10.5  
Verknúmer: 4123002

**Efni: Mörk flutningskerfis og virkjana.**

Orkustofnun hefur borist erindi Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 22. nóvember s.l. þar sem "óskað er álits Orkustofnunar á því hvort Landsneti beri ekki að fara að lögum og miða flutningskerfið við háspennuhlið virkjunar eins og segir í 6. tl. 3. gr. raforkulaga nr. 65/2003 með síðari breytingum."

Með erindinu fylgdu bréfaskipti Orkuveitu Reykjavíkur og Landsnets varðandi málið. Í bréfi Landsnets til Orkuveitu Reykjavíkur frá 21. nóvember 2007, er vísað í ákvörðunar nefndar sem skipuð var til að meta verðmæti flutningsvirkja skv. XI. bráðabirgðaákvæði raforkulaga nr. 65/2003. Þar segir m.a.: "við túlkun og afmörkun nefndarinnar á tilvitnuðu ákvæði laganna var ákveðið að strengir og milli háspennuhliða stöðvar- og aðveituspenna annars vegar og næsta rofareits á háspennuhlið hins vegar renni ekki til flutningsfyrirtækisins". Landsnet vísar í bréfinu til þess að á grundvelli framangreinds ákvæðis hafi verið tekin ákvörðun um að 220 kV strengir Fljótsdalsstöðvar rynnu ekki til flutningsfyrirtækisins. Landsnet vísar til jafnræðis varðandi tengingu viðskiptavina fyrirtækisins og að afhendingarstaður framleiðenda sé á háspennuhlið innkomandi rofa í tengivirki.

Samkvæmt 6. tl. 3. gr. raforkulaga nr. 65/2003, sbr. lög nr. 89/2004 nær flutningskerfið frá háspennuhlið stöðvarspenna virkjana sem tengjast því, sbr. 3. mgr. 5. gr., að háspennuhlið aðveituspenna stórnotenda eða dreifiveitna. Umboð samninganefndar skv. XI. bráðabirgðaákvæðis raforkulaga stóð til þess að ná samkomulagi um mat á verðmæti flutningsvirkjanna sem lögð voru til flutningsfyrirtækisins við stofnun þess. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 89/2004 er lögð áhersla á að um samninganefnd var að ræða "þar sem eigendur geta komið sér saman um aðferðir við verðmat og um verðmæti einstakra eigna". Umboð nefndarinnar náði aðeins til þeirra flutningsvirkja sem voru til umfjöllunar hennar, en getur að mati Orkustofnunar ekki gengið framur ákvæðum raforkulaga um þau flutningsvirki sem síðar koma til.

Orkustofnun hefur talið skilgreiningu flutningskerfisins skv. 6. tl. 3. gr. raforkulaga óheppilega og því hefur stofnunin sent iðnaðarnefnd Alþingis tillögu um breytingu á henni á þann veg að flutningskerfið nái frá og með mælabúnaði á háspennuhlið stöðvarspenna virkjana sem tengjast því, sbr. 3. mgr. 5. gr., til og með mælabúnaði á háspennuhlið aðveituspenna stórnotenda eða dreifiveitna.

Orkustofnun telur ótvírætt að skilgreining 6. tl. 3. gr. raforkulaga á flutningskerfinu skuli gilda varðandi nýtengingar við virkjanir. Stofnunin bendir einnig á ákvæði 8. mgr. 12. gr.

sömu laga þar sem segir að krefjast skuli greiðslu ef tenging nýrra virkjana eða stórnotenda við flutningskerfi veldur auknum tilkostnaði annarra notenda kerfisins. Með sama hætti skuli taka tillit til þess ef tenging leiðir til hagkvæmari uppbyggingar eða nýtingar flutningskerfisins.

Virðingarfyllt

Elín Smáradóttir